



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Nýtt skólahverfi í Skerjafirði

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 25. maí 2021 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 3. mars 2021, ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 12. maí 2021 og umsögnum íbúaráðs Vesturbæjar, skólaráðs Melaskóla, foreldrafélags Melaskóla, skólaráðs Hagaskóla, foreldrafélags Hagaskóla og foreldraráðs Sæborgar:

Lagt er til að samþykkt verði nýtt skólahverfi í Skerjafirði fyrir nemendur í 1.-7. bekk grunnskóla. Nýju skólahverfi tilheyri stóri, litli Skerjafjörður suður og ný íbúabyggð, Skerjabyggð í Skerjafirði. Samkvæmt áætlun er gert ráð fyrir 1.400 nýjum íbúðum í nýju hverfi. Í fyrsta áfanga er gert ráð fyrir byggingu 700 íbúða. Þá er lagt til að nemendur sem búa í litla Skerjafirði norður sæki skóla í Melaskóla en geti valið að fara í skólann í Skerjafirði. Unglingar (8. – 10. bekkur) í hverfinu munu sækja Hagaskóla. Breytingin taki gildi um leið og nýr skóli í Skerjafirði er risinn. Ljóst er að þrengsli eru nú þegar í skóla- og frístundastarfi í Melaskóla og Hagaskóla. Vinna starfshópa er í gangi varðandi húsnæðisþörf og endurbætur í skólunum tveimur. Gert er ráð fyrir því að þeir starfshópar skili af sér síðar á vormánuðum 2021. Þá tekur við ákvarðanataka um framkvæmdir og í kjölfarið ferli hönnunar og framkvæmda.

Greinargerð fylgdi.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.

Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Mikilvægt er að uppbygging nýs skóla í Skerjafirði komi ekki í veg fyrir löngu tímabærar endurbætur á skólahúsnæði Melaskóla og Hagaskóla.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Tillaga ásamt greinargerð, dags. 3. mars 2021

Minnisblað og umsagnir vegna Skerjafjarðar, dags. 12. maí 2021

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillaga um skilgreiningu skólahverfis fyrir nýjan skóla í Skerjafirði

Lagt er til að samþykkt verði nýtt skólahverfi í Skerjafirði fyrir nemendur í 1.-7. bekk grunnskóla. Nýju skólahverfi tilheyrir *stóri, litli* Skerjafjörður *suður* og ný íbúabyggð, Skerjabyggð í Skerjafirði. Samkvæmt áætlun er gert fyrir 1.400 nýjum íbúðum í nýju hverfi. Í fyrsta áfanga er gert ráð fyrir byggingu 700 íbúða. Þá er lagt til að nemendur sem búa í *litla* Skerjafirði *norður* sæki skóla í Melaskóla en geti valið að fara í skólann í Skerjafirði. Unglingar (8. – 10. bekkur) í hverfinu munu sækja Hagaskóla. Breytingin taki gildi um leið og nýr skóli í Skerjafirði er risinn.

Ljóst er að þrengsli eru nú þegar í skóla- og frístundastarfi í Melaskóla og Hagaskóla. Vinna starfshópa er í gangi varðandi húsnæðisþörf og endurbætur í skólunum tveimur. Gert er ráð fyrir því að þeir starfshópar skili af sér síðar á vormánuðum 2021. Þá tekur við ákvarðanataka um framkvæmdir og í kjölfarið ferli hönnunar og framkvæmda.

Greinargerð:

Þann 28. júní 2018 samþykkti borgarráð á fundi sínum tillögu að rammaskipulagi fyrir byggð í *Nýja* Skerjafirði. Í tillögunni er gert ráð fyrir byggð fyrir um 1.200 íbúðir, nýjum leik- og grunnskóla, verslun og þjónustu <https://reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-5507>. Fjöldi íbúða hefur síðan verið aukinn í 1.400 íbúðir. Eins og fram kemur í rammaskipulagi, er gert ráð fyrir skóla í nýju uppbyggingahverfi í Skerjafirði. Sjá hér: https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/usk_skerjafjordur_1.pdf

Gert er ráð fyrir að í fyrsta byggingaáfanga leik- og grunnskóla í nýju Skerjafjarðarhverfi verði byggður leik- og grunnskóli fyrir eins árs til 12 ára börn. Skóla- og frístundastarf verði samofið. Samanlagður barnafjöldi í leikskóla er áætlaður 300 og áætlaður nemendafjöldi í 1. – 7. bekk grunnskóla er um 350. Skóla- og frístundasvið vinnur nú í samvinnu við umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar að forsögn fyrir nýjan leik – og grunnskóla í Skerjafirði og er gert ráð fyrir að þeirri vinnu verði lokið vorið 2021.

Rökin fyrir því að skilgreina *stóra* Skerjafjörð sem hluta af skólahverfi nýja skólans í Skerjafirði eru þau að skólinn er mun nær hverfinu heldur en núverandi hverfis-skóli, Melaskóli. Um leið léttir á Melaskóla þar sem þrengsl í húsnæðinu eru þegar mikil. Einnig er gert ráð fyrir *litla* Skerjafirði *suður* í nýjum skóla. Rökin fyrir því eru að það mun einnig létta á Melaskóla þó það svæði sé landfræðilega álíka langt frá Melaskóla og nýjum skóla í Skerjafirði.

Horft er til þess að í viðmiðum skóla- og frístundasviðs um fjarlægðarmörk frá heimili að skóla er gert ráð fyrir að hámarki 1,5 km. fjarlægðarmörkum fyrir yngri nemendur í 1. – 7. bekk og 2 km fyrir eldri nemendur. Skólaakstur verður úr *litla* Skerjafirði og strætókort verður fyrir unglinga í nýjum Skerjafirði vegna Hagaskóla. Viðbúið er að ákvörðun um skólahverfi unglingastigs í Skerjafirði verði endurskoðuð þegar ákvarðanir um frekari uppbyggingu á svæðinu liggja fyrir.

Skerjafjörður í ársbyrjun 2021

Í töflu 1 má sjá fjölda barna á aldrinum 1-15 ára, sem eiga lögheimili í Skerjafirði *stóra* og *litla* Skerjafirði *suður* í janúar 2021.

Tafla 1:

Fjöldi barna með lögheimili í Skerjafirði í janúar 2021					
	1-5 ára	6-9 ára	10-12 ára	13-15 ára	Samtals
Stóri Skerjafjörður	33	35	24	45	137
Litli Skerjafjörður suður	106	47	25	14	192
Skerjafjörður samtals	139	82	49	59	329

Áætlun um nemendapróun í nýjum skóla

Áætlanir um nemendapróun í nýjum skóla í Skerjafirði gera ráð fyrir 1.400 nýjum íbúðum í hverfinu samkvæmt rammaskipulagi. Tafla 2 sýnir áætlaðan fjölda nemenda sem koma til með að búa í nýju hverfi í Skerjabyggð miðað við fyrsta áfanga (700 íbúðir) og fullbúið 1.400 íbúða hverfi.

Tafla 2. Áætlaður fjöldi nemenda eftir íbúðafjölda og aldri í Skerjabyggð.

Skerjabyggð 700 íbúðir			
1-5 ára	6-9 ára	10-12 ára	13-15 ára
70 börn	65 börn	50 börn	50 börn
Skerjabyggð 1400 íbúðir			
1-5 ára	6-9 ára	10-12 ára	13-15 ára
145 börn	125 börn	95 börn	95 börn

Skerjafjarðarskóli sem skóli fyrir leikskóla (1-5 ára) og yngsta og miðstig grunnskóla (6-12 ára).

Tafla 3 sýnir áætlaðan nemendafjölda í nýjum Skerjafjarðarskóla.

Tafla 3:

	Skerjafjarðarskóli		
	1-5 ára	6-9 ára	10-12 ára
<i>Stóri</i> Skerjafjörður	33	35	24
<i>Litli</i> Skerjafjörður <i>suður</i>	106	47	25
Skerjabyggð	145	125	95
Samtals eftir stigum	284	207	144
Samtals í skóla (95% skil)	635		

Tafla 4 sýnir áætlaðan nemendafjölda í Melaskóla og Hagaskóla miðað við áætlaða skólahverfabreytingu. Miðað við nemendafjölda í Melaskóla og Hagaskóla á undanförunum árum. Við þessa breytingu er áætlað að nemendum í Melaskóla fækki um 130. Gera má ráð fyrir að í Melaskóla verði 465 nemendur þegar Skerjafjarðarskóli er risinn og hverfið fullbyggt. Gert er ráð fyrir að 95 nemendur úr nýrri Skerjabyggð bætist við nemendafjölda í Hagaskóla.

Tafla 4:

	Melaskóli		Hagaskóli	
	6-9 ára	10-12 ára		13-15 ára
Grunnur	340	255	Grunnur	600
<i>Stóri</i> - Fækkun á báðum st.	-35	-25	<i>Stóri</i> - Engin breyting	0
<i>Litli</i> - Fækkun á báðum st.	-45	-25	<i>Litli</i> - Engin breyting	0
Skerjabyggð - Engin breyting	0	0	Skerjabyggð - Fjölgun	95
Samtals eftir stigum	260	205	Samtals	695
Samtals í skóla	465			

Myndir - Staðsetning og fjarlægðarmörk

Mynd I sýnir loftmynd af núverandi skólahverfum Melaskóla.



Mynd II sýnir loftmynd af skólahverfi nýs skóla í Skerjafirði.



Götur í stóra Skerjafirði

Þær götur í *stóra* Skerjafirði sem munu tilheyra skólahverfi hins nýja skóla í Skerjafirði frá og með opnun hans 2026 eru:

Bauganes
Baugatangi
Einarsnes
Fáfnisnes
Gnitanes
Skeljanes
Skeljatangi
Skildinganes
Skildingatangi

Þær götur í *litla* Skerjafirði sem munu tilheyra nýjum skóla í Skerjafirði eru:

Eggertsgata
Fossagata
Góugata
Hörpugata
Reykjavíkurvegur
Skerplugata
Suðurgata 121
Þjórsárgata
Þorragata



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 12. maí 2021
SFS2021010021
209. fundur
HG/sp/sv

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Umsagnir um skilgreiningu skólahverfis fyrir nýjan skóla í Skerjafirði

Skóla- og frístundaráð samþykkti á fundi sínum 9. mars 2021 að senda tillögu á skilgreiningu á nýju skólahverfi fyrir nýjan skóla í Skerjafirði til umsagnar hagaðila bárust umsagnir frá eftirfarandi aðilum:

Íbúaráð Vesturbæjar.

Skólaráð Melaskóla.

Skólaráðs Hagaskóla.

Foreldrafélag Hagaskóla.

Foreldrafélag Melaskóla.

Foreldraráð leikskólans Sæborgar.

Í umsögnum segir m.a.:

Íbúaráð Vesturbæjar

Íbúaráð áframsendi beiðni um umsögn til foreldrafélaga og skólastjórnenda í Vesturbæ með beiðni um athugasemdir. Svör bárust frá skólaráðum Hagaskóla og Melaskóla og frá foreldrafélagi Hagaskóla. Þessir aðilar líta jákvæðum augum á nýtt skólahverfi í Skerjafirði.

Íbúaráð Vesturbæjar hvetur Reykjavíkurborg til að standa við áætlanir um löngu tímabærar úrbætur á húsnæði Melaskóla og Hagaskóla. Ítarlegar tillögur um þetta hafa legið fyrir um langt skeið. Íbúaráð bendir á mikilvægi þess að áætluðum framkvæmdum seinki ekki vegna framkvæmda við nýtt skólahverfi í Skerjafirði og úrbótum á núverandi húsnæði verði hraðað.

Íbúaráð bendir á að aukinn fjöldi barna og unglunga á Skerjafjarðarsvæðinu kalli á aukna aðsókn barna í íþróttaiðkun og félagsstarf í Vesturbænum og mikilvægt sé að huga að stuðningi og samráði við íþróttafélög og félagsmiðstöðvar í Vesturbæ vegna þessa. Jafnframt verði hugað að auknum almenningssamgöngum, en þó sérstaklega að öðrum samgöngumáta barna og unglunga s.s. reiðhjól og rafhjól, frá Skerjafirði, meðfram Ægissíðu, í átt að skólum, íþróttastöðum og félagsheimilum í Vesturbæ.

Skólaráð Melaskóla:

Skólaráð Melaskóla fjallaði um fyrirhugaðar breytingar á skólahverfismörkum, sendi stutta kynningu á foreldra sem búsettir eru í *stóra* og *litla* Skerjafirði, bæði suður og norður. Ein athugasemd barst frá foreldrum og var hún jákvæð. Skólaráð Melaskóla gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða breytingu á skólahverfismörkum. Skólaráðið fagnar því að byggja eigi nýjan skóla í Skerjafirði sem muni þjóna íbúum þar og það sé jákvætt fyrir Melaskóla þannig að nemendum skólans fækki í framtíðinni þannig að rýmra verði um starfsemina.

Skólaráð Melaskóla setur fjögur skilyrði:

1. Að löngu tímabærar og brýnar úrbætur í húsnæðis- og aðstöðumálum Melaskóla tefjist ekki.
2. Að nemendur Melaskóla sem búsettir eru í Skerjafirði hafi fullt val um það í hvorn skólann þeir fari eftir haustið 2026 og megi klára skólagöngu sína í Melaskóla ef þeim sýnist svo.
3. Að nemendum í *litla* Skerjafirði *suður* standi til boða skólaakstur í nýja skólann.
4. Að nemendur í Skerjafirði fái að halda áfram í Melaskóla fari svo að skólinn verði ekki tilbúinn haustið 2026.

Foreldrafélag Melaskóla

Vegna mikillar og aðkallandi þarfar á úrbótum í húsnæðis- og aðstöðumálum Melaskóla er skorað á skóla- og fristundaráð að tryggja viðunandi aðstöðu fyrir nemendur og starfsfólk skólans án tafar. Þá er það afstaða foreldrafélagsins að ekki sé tímabært eða þörf að skilgreina skólahverfi fyrir Skerjafjörð fyrr en ljóst er orðið að skóli muni þar rísa sem hýst geti nemendur í 1. – 7. bekk.

Skólaráð Hagaskóla:

Skólaráð setur sig alls ekki upp á móti tillögunni en í núverandi húsnæði er það ekki framkvæmanlegt að unglingar í nýju skólahverfi komi í Hagaskóla. Skólaráð telur safnskóla á unglingsstigi eins og Hagaskóli er til fyrirmyndar. Engu að síður er ljóst að ekki er hægt að verða við áætlaðri nemendafjölgun í Hagaskóla nema hafin verði strax á þessu ári undirbúningsvinna við nýbyggingu við Hagaskóla og framkvæmdir hefjist hið fyrsta.

Foreldrafélag Hagaskóla:

Foreldrafélagið telur að sannarlega sé þörf á að fá nýjan skóla og nýtt skólahverfi í Vesturbæinn fyrir Skerjafjörðinn og þessa fyrirhuguðu nýju byggð. Það mun létta töluvert á Melaskóla.

Hins vegar felur tillagan í sér að 8. – 10. bekkur komi í Hagaskóla. Ekki verður séð að það sé möguleg nema að byggt verði við Hagaskóla. Ánægjulegt er að heyra að bregðast eigi við húsnæðisþörf og endurbótum á Hagaskóla sem eru löngu tímabærar og stjórnendur hafa fylgt þeim óskum eftir með góðum og ítarlegum greiningum.

Foreldrafélagið vill ekki sjá að húsnæðisvandi Hagaskóla verði leystur með færanlegum viðbótarkennslustofum á lóð skólans með tilheyrandi skerðingu á notkun nemenda á skólalóð.

Foreldraráð leikskólans Sæborgar:

Ekki eru gerðar athugasemdir varðandi skólahverfið. Því er fagnað að létt verði á Melaskóla. Síðan er lögð áhersla á að leik- og grunnskólapjónusta verði tilbúin áður en fólk flyst í hverfið. Innviðir komi fyrst og svo fólkið.